

## Fréttatilkynning

Settum ríkissaksóknara barst bréf þann 14. maí 2010 sem ritað er fyrir hönd þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Með því bréfi var málefnum fjögurra nafngreindra einstaklinga komið á framfæri en um er að ræða þá sem rannsóknarnefnd Alþingis hafði skilgreint að gert hefðu sig seka um mistök eða vanrækslu í skilningi 2. málslíðar 1. gr. laga nr. 142/2008, sem hljóðar svo:

Þá skal hún leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni, og hverjir kunni að bera ábyrgð á því.

Um er að ræða Davíð Oddsson, Eirík Guðnason, Ingimund Friðriksson og Jónas Fr. Jónsson.

Áréttað skal að það er ekki markmiðið með 2. málslíð 1. gr. laga nr. 142/2008 að kveða úr um hvort refsiverð háttsemi hafi átt sér stað.

Athugun setts ríkissaksóknara á þeim atriðum sem rannsóknarnefnd Alþingis skilgreindi sem vanrækslu af hálfu þessara einstaklinga er lokið.

Niðurstaða setts ríkissaksóknara er að umfjöllunarefni og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis í köflum 21.5.5 og 21.5.6, gefi að svo stöddu ekki sérstakt tilefni til að efna til sakamálarannsóknna á hendur Davíð Oddssyni, Eiríki Guðnasyni, Ingimundi Friðrikssyni og Jónasi Fr. Jónssyni.

Þingmannanefnd til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis hefur verið grein fyrir þessari niðurstöðu setts ríkissaksóknara með bréfi sem dagsett er í dag og nefndum einstaklingum sent afrit þess bréfs til upplýsingar. Afrit bréfsins fylgir tilkynningu þessari.

Reykjavík, 7. júní 2010

Björn I. Bergsson, ríkissaksóknari



Alþingi  
Þingmannanefnd til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis  
Atli Gíslason formaður  
Alþingi  
150 Reykjavík

Borist hefur bréf dagsett 14. maí 2010, ritað fyrir hönd þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Í bréfinu var málefnum fjögurra nafngreindra einstaklinga komið á framfæri við settan ríkissaksóknara en um er að ræða þá einstaklinga sem rannsóknarnefnd Alþingis hafði skilgreint að gert hefðu mistök eða sýnt af sér vanrækslu í skilningi 2. málslíðar 1. gr. laga nr. 142/2008, sem hljóðar svo:

Þá skal hún leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni, og hverjir kunni að bera ábyrgð á því.

Um er að ræða Davíð Oddsson, Eirík Guðnason, Ingimund Friðriksson og Jónas Fr. Jónsson.

Í greindu bréfi er þess getið að þingmannanefndin teldi rétt að vekja athygli setts ríkissaksóknara á umfjöllun í skýrslunni um þessa einstaklinga.

Kveðið er á um það í 6. tölulið 1. gr. laga nr. 142/2008 að rannsóknarnefnd Alþingis beri að gera ráðstafanir til þess að hlutaðeigandi yfirvöld fjalli um mál þar sem grunur vaknaði við rannsókn nefndarinnar um refsiverða háttsemi eða brot á starfsskyldum og gera jafnframt grein fyrir þeim málum í skýrslu til Alþingis. Rannsóknarnefndin fjallaði um þau málefni sem hún taldi kunna fela í sér refsiverða háttsemi í 22. kafla skýrslu sinnar. Í þeim kafla er ekki vikið að einstaklingum þessum né þeirra verkum. Eins og réttilega er rakið í bréfi þingmannanefndarinnar er á hinn bóginn vikið að störfum þeirra í köflum 21.5.5 og 21.5.6 í tengslum við tiltekin atvik en rannsóknarnefndin taldi þá hafa sýnst vanrækslu í starfi í skilningi 1. gr. laga nr. 142/2008 í því samhengi.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er fjallað um mistök eða vanrækslu samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 í kafla 21.5. Viðfangsefnið, er lýtur að þessum einstaklingum og öðrum stjórnarsýsluhöfðum, afmarkaði nefndin í kafla 21.5.1 þannig að þessum þætti rannsóknar

nefndarinnar hafi fyrst og fremst verið ætlað að vera liður í því að varpa sem skýrustu ljósi á aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008. Í því skyni hafi nefndinni meðal annars verið falið að leggja mat á hvernig staðið var að eftirliti með fjármálastarfsemi hér á landi á síðustu árum og upplýsingagjöf af því tilefni milli stjórnvalda, til ríkisstjórnar og til Alþingis. Athugunin á því hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða hjá þeim sem sinntu slíkum störfum eða embættum innan stjórnsýslunnar tók mið af því meginverkefni nefndarinnar að draga fram atriði sem telja má að hafi öðru fremur haft þýðingu um aðdraganda og orsakir að falli bankanna. Af því tilefni var hugað heildstætt að því hvernig stjórnvöld stóðu að framkvæmd laga um fjármálastarfsemi og eftirliti með henni og þar með hvernig gætt var að hinum efnahagslegu áhrifum þeirrar starfsemi og áhrifum á fjármál ríkisins í ljósi þess hvernig sú starfsemi þróaðist.

Að framsettri skilgreiningu nefndarinnar á þessu viðfangsefni, að afmarka hvort um vanrækslu eða mistök hafi verið að ræða, vék nefndin að skilgreiningu hugtakanna mistök og vanræksla í skilningi þessara laga nr. 142/2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

Að því afstöðnu var sú mælistika lögð á framgöngu þessara einstaklinga í samhengi við nánar afmörkuð málsatvik. Lagt var mat á hvort þeim hefði brugðist bogalístin svo í störfum sínum að það teldist vanræksla í ofangreindum skilningi. Fjallað var um álitæfni vegna forstjóra Fjármálaeftirlitsins í kafla 21.5.5. Fjallað var um verk bankastjóra Seðlabanka Íslands í kafla 21.5.6.

Í kafla 21.5.5 í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er gerð grein fyrir því mati nefndarinnar að líta verði svo á að annmarkar hafi verið á málsmeðferð, úrlausn og eftirfylgni margra mála hjá Fjármálaeftirlitinu. Þannig hafi skort á að markvissu og skýru skipulagi væri komið á málsmeðferð stofnunarinnar og þess gætt að hún væri í samræmi við skýlaus ákvæði 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998. Jónas Fr. Jónsson, þáverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, hafi þannig sýnt af sér athafnaleysi gagnvart því verkefni að koma nægilega traustu skipulagi á daglega starfsemi stofnunarinnar. Taldist þetta athafnaleysi honum til vanrækslu í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008, enda hafi það verið á hans ábyrgð að annast daglega stjórnun á starfsemi og rekstri stofnunarinnar og ráða til hennar starfsfólk, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

Í kafla 21.5.6 í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis eru tekin tvö tilvik til umfjöllunar er luttu að verkum þáverandi bankastjóra Seðlabanka Íslands. Annars vegar er luttu að viðbrögðum bankastjórnar Seðlabanka Íslands í tilefni af erindi Landsbanka Íslands hf. í ágúst 2008 um aðstoð við flutning Icesave innlánsreikninga úr útibúi yfir í dótturfélag og hins vegar afgreiðslu bankastjórnar Seðlabanka Íslands á erindi Glitnis banka hf. í september 2008. Í fyrra tilvikinu var það mat rannsóknarnefndar Alþingis, að í ljósi þeirra upplýsinga sem fram voru komnar innan Seðlabanka Íslands í ágúst 2008 um alvarlega stöðu Landsbanka Íslands hf. og um afstöðu breska fjármálaeftirlitsins í málefnum bankans hafi verið nauðsynlegt að gerðar yrðu viðhlítandi ráðstafanir af hálfu bankastjórnar Seðlabankans til að ganga úr skugga um hver væri í reynd staða Landsbanka Íslands hf. á þeim tíma með tilliti til áhrifa hennar á fjármálastöðugleika í landinu. Þar sem ekki hefði verið brugðist við var það niðurstaða rannsóknarnefndar Alþingis að meta yrði það athafnaleysi Davíðs Oddssonar, Eiríks Guðnasonar og Ingimundar Friðrikssonar svo að þeir hafi þar látið hjá líða að bregðast við yfirvofandi hættu á viðeigandi hátt og grípa til viðhlítandi ráðstafana og með því sýnt af sér vanrækslu í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008. Hvað síðara tilvikið snerti, er luttu að Glitni banka hf., var það mat rannsóknarnefndar Alþingis að ekki hafi verið staðið að rannsókn á stöðu Glitnis banka hf. með forsvaranlegum hætti af hálfu Seðlabankans og því skort nauðsynlegar upplýsingar um þá stöðu. Því hefði viðhlítandi grundvöllur ekki verið lagður að þeirri ákvörðun Seðlabanka Íslands að hafna umsókn Glitnis banka hf. um lán og mæla með því við ríkisstjórnina að kaupa 75% hlut í bankanum. Mat rannsóknarnefndin það svo að telja yrði það til vanrækslu af hálfu bankastjórnar Seðlabankans, í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008, að hafa ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni og gert reka að því á grundvelli 1. mgr. 29. gr. laga nr. 36/2001 að á vegum Seðlabankans væri aflað milliliðalaust nánari upplýsinga um Glitni banka hf. sem haft gátu þýðingu fyrir mat á því hvort forsvaranlegt væri að veita Glitni banka hf. þrautavarálán. Slík rannsókn hefði jafnframt nýst þegar lagt var mat á það hvort ráðlegt væri að mæla með því við ríkisstjórnina að gera kauptilboð í 75% hlut í Glitni banka hf. Loks mat rannsóknarnefndin það svo að bankastjórn Seðlabanka Íslands hafi sýnt af sér vanrækslu í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 með því að hafa ekki farið að reglum stjórnarsýslulaga varðandi tilkynningu á þeirri niðurstöðu sinni til forsvarsmanna Glitnis banka hf. að verða ekki við erindi bankans.

Af hálfu setts ríkissaksóknara hefur verið unnið að úrvinnslu þeirra ábendinga sem rannsóknarnefnd Alþingis kom á framfæri, með vísan til 14. gr. laga nr. 142/2008, með bréfi dags. 11. apríl 2010. Samhliða þeirri vinnu hefur verið hugað jöfnum höndum að öðrum

atriðum svo sem því hvort tilefni sé til að vísa málefnum þessara einstaklinga sem hér er fjallað um til sakamálarannsóknar vegna þeirra mistaka eða vanrækslu í skilningi 2. málslíð 1. gr. laga nr. 142/2008 sem rannsóknarnefndin taldi hafa átt sér stað.

Áréttað skal að það er ekki markmiðið með 2. málslíð 1. gr. laga nr. 142/2008 að kveða úr um hvort refsiverð háttsemi hafi átt sér stað.

Athugun setts ríkissaksóknara á þessum sérstöku atriðum sem rannsóknarnefnd Alþingis skilgreindi sem vanrækslu og drepíð er á hér að framan er lokið. Niðurstaða setts ríkissaksóknara er sú að umfjöllunarefni og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis í köflum 21.5.5 og 21.5.6, gefi að svo stöddu ekki tilefni til að efna til sakamálarannsókna á hendur Davíð Oddssyni, Eiríki Guðnasyni, Ingimundi Friðrikssyni og Jónasi Fr. Jónssyni.

Reykjavík, 7. júní 2010

  
Virðingur  
Björn M. Bergsson Settur ríkissaksóknari  
REYKJAVÍK

**Afrit:**

Davíð Oddsson  
Eiríkur Guðnason  
Ingimundur Friðriksson  
Jónas Fr. Jónsson